

Nd.

59. Frumvarp til laga

[58. mál]

um breyting á lögum nr. 41 frá 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Flm.: Jónas G. Rafnar.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af láns skjölum þeim, sem um getur í 1. mgr., enn fremur af afsalsbréfum fyrir löndum og lóðum, sem keypt eru eða keypt hafa verið með aðstoð ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 41 frá 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa, er ákveðið, að ríkissjóður leggi árlega fram 3 millj. kr. á árunum 1963—1972, sem ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupstöðum og kauptúnum til þess að kaupa lönd og lóðir innan hlutaðeigandi sveitarfélags. Lánin mega nema allt að 60% af kostnaðarverði hins keypta lands, en jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 40% af verðinu. Tilgangur laganna er því sá að auðvelda sveitarfélögum að eignast lönd, er þau þurfa að hagnýta á einn eða annan hátt.

Í 2. mgr. 2. gr. laganna er tekið fram, að fjármálaráðuneytinu sé heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af láns skjölum þeim, sem um getur í 1. mgr. Heimild þessi nær ekki til afsalsbréfa, en stimpil- og þinglestursgjöld af þeim geta numið háum upphæðum.

Þar sem sanngjarnt má teljast, að undanþáguheimildin nái einnig til afsalsbréfa, er frumvarp þetta flutt, enda í samræmi við fyrrgreindan tilgang laganna.